# Ásgeir Hraundal

Bjarni Benediktsson – Ásgeir Hraundal – Ingibjörg Þorláksdóttir – Sogabletti – Jakob Möller

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sogabletti,8.14/3,-39.

Prófes-sor Bjarni Benidiktsson.

Reykjavík.

Ingibjörg Þorláksdóttir Sogabletti 8.hér,gat þess við mig að þér hefðuð lofað okkur stuðningi yðar við beiðni minni til háttvirtra bæjarstjornar Reykjavikur,með að okkur yrði nú þegar veitt aðstoð til að búsetja okkur i sveit,það sem um var að ræða,var fyrst og fremst að hlutast til um við búnaðarbankan að hann lánaði útá jörðina ca,5000,ookr,og þar næst að bæjarstjónin léti okkur i té eitthvað til byrjunar af skepnum,þessu til afborgunar hefði svo getað komið nú þegar á þessu ári veðdeildarbréf sem fengist hefði út á húsbyggjingu þá er framkvæmd verður i sumar á jörðinni,verð jarðarinnar er miðað sem sagt við jörðina húsalausa,sem hún þó ekki er,og fylgja henni þó tuttugu ær i verði hennar.

Þegar tekjið er til-lit til þess,hve erfitt er fyrir okkur sem settir eru sem jeg,að geta feingið kauprétt á jörðum i sveit,þar sem sveitirnar nú eru lok--aðar fyrir öllum nema sem einhver efni hafa,þá er það næsta furðanlegt það tómlæti sem rikjir meðal yðar sem eigið að vernda hag bæjarfélaglags yðar,að yður ekki skuli geta skilist það,að yður bera að rétta hverri dreingilegri tilraun hjálparhönd til að létta af bæjarkassanum þeim ofurþunga sem nú virðist vera um of þungur,ekki sist þegar tekjið er til-lit til þess,að politiskir andstæðingar yðar sem öllu ráið i bæjarstjón þessa bæjarféglags,virðast róa að því öllum árum að koma bæjarféglaginu á kné.

Mér dettur ekki i hug að bersögli min móðgi yður,jeg hefi fylgst það með því sem fram hefur farið innan bæjarstjórnar Reykjavikur,að mér er það ekki með öllu ókunnugt,hver áhrifamaður þér eruð þar,og þessvegna hefi leift mér að snúa mér til yðar,því ef þér takjið málið að yður við skoðanabræður yðar,er því borgið.

I réttlætisins nafni skora jeg því a yður,að þér nú á fundi bæjarstjór-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-nar sem haldin verður hinn 16,þ,m,hlutist til um að mér verði veittur umbeðin styrkur,og að jeg fái samstundis svar,því jeg þarf að búa mig á margan hátt und-ir ,og get getið þess við yður,að nu XXXXX þegar hefi jeg gert ýmsar ráðstafani ir til undirbúnings fluttningi,þar eða mér skilst að ekkert sé því til fyrirstöð-u utan réttur skilningur á málefninu að mér sé af bæjarstjórn veitt umbeðin aðstoð.

Hr,forseti bæjarstjórnar Jakob Möller hefur gefið okkur loforð um aðstoð sína í máli þessu,samkvæmt viðtali við frú Ingibjörgu Þorláksdóttur Sogabletti,8 og gamalt og gott máltækji segir að takjist þegar tveir vilja.

Með fullri virðingu.

Ásgeir R. Ó. Hrandal